

Nd.

192. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, og l. nr. 78 23. des. 1975, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki samhála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill samþ. frumvarpið, en minni hl. telur óhákvæmilegt að gerðar séu á því breytingar.

Með frv. er gert ráð fyrir að bensingjald, sem rennur í vegasjóð, hækki um 13.22 kr. um næstu áramót og tilsvarendi hækkun verði gerð á þungaskatti af þeim ökutækjum, sem nota annan orkugjafa en bensín. Eftir þá hækkun á gjöldum til vegasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verða tekjur hans á ári af bensingjaldi 4 460 milljónir króna og af þungaskatti 1 250 millj. kr.

Ljóst er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki mun vegasjóði veita af þeim tekjuauka, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Framkvæmdir í vegamálum hafa mjög dregist saman á undanförunum árum, og þó að viðbótartekjur komi til samkv. frumvarpinu og samkv. ákvæðum fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár, yrðu raunverulegar framkvæmdir í vegagerðarmálum mun minni en þær voru árið 1974.

Það, sem minni hl. telur varhugaverðast við frumvarpið eins og það liggur fyrir, er að álögur á umferðina mundu enn aukast verulega frá því sem nú er, ekki aðeins sem nýju framlagi til vegasjóðs nemur, heldur fengi ríkissjóður enn nýjan tekjustofn með því að leggja 20% söluskatt ofan á gjaldið til vegasjóðs, og allt bendir til að oliufélögin fengju einnig sinn skammt með hækkaðri álagningu á sífellt herra bensínverð.

Það er skoðun minni hl., að rétt sé að auka fjárframlög til vegamála, en slíkt þarf að gera án þess að ríkissjóður fái jafnframt aðstöðu til enn meiri skattheimtu af umferðinni en nú er.

Alþingi, 15. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson.

Gylfi Þ. Gíslason.